

Tilboðasýning til stuðnings Vestmannaeyingum

FÉLAG íslenzkra myndlistarmanna og Listasafn Íslands gangast fyrir sýningu í Listasafninu, sem haldin er til stuðnings Vestmannaeyingum. Á sýningunni eru 30 verk eftir 45 listamenn, sem allir hafa gefið verk sín á sýninguna.

Öll vinna við sýninguna er sjálfboðavinna og að sögn Valtýs Pétursson, formanns Félags ísl.

myndlistarmanna, voru allir boðnir og búnir til að leggja sitt af mörkum, svo að vel mætti takast.

Á sýningunni eru verk eftir þekktu málara, handvefnaður, grafíkmyndir og höggmyndir, sem eru til sölu.

Ákveðið lágmarksverð er á hverju verki fyrir sig, en gestum er heimilt að gera tilboð í

verkin, og þau síðan seld hæst-bjóðanda á sunnudaginn, sem er lokadagur sýningarinnar.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis, en til sölu er sýningar-skrá, sem gildir sem happdrættismiði. Ennfremur hefur Kristján Davíðsson gert auglýsinga-plakat, sem verður til sölu á sýningunni og kostar kr. 200. Offsetprentsmiðjan Litbrá hefur gefið efni og prentun plakatsins. Vinningar í happdrættinu eru 5 málverk, 2 eftir Kjarval, sem ónafngreindur velunnari gaf á sýninguna, og 1 mynd eftir Jón Engilberts, Nínu Tryggvadóttur, og Finn Jónsson.

Sýningin opnaði í gær, og er opin frá kl. 13.30 til kl. 22, í dag, laugardag og sunnudag. Öllum er heimilt aðgangur að sýningunni.

Íslenzku keppendurnir stóðu sig vel

Í FYRRADAG birtist frétt hér í blaðinu frá danskeppni, sem fram fór í Kaupmannahöfn

sunnudaginn 27. janúar sl. Áætlað var að birta þessa frétt laugardaginn 26. jan., en vegna gossins í Vestmannaeyjum urðu margar fréttir að vikja. Vegna mistaka birtist fréttin svo í gær.

Íslenzku keppendurnir, sem tóku þátt í keppninni í Kaupmannahöfn stóðu sig vel. Þau Anna Guðný og Ögmundur Skarphéðinsson, sem kepptu í enskum vals og quick step, hlutu fjórðu verðlaunin í 3. riðli og Kristín Lárusdóttir og Sigurður Sigurðsson, sem kepptu í suður-amerískum dönsum, hlutu þriðju verðlaunin í 2. riðli. Að verðlaunum fengu keppendurnir kristalsvasa með áletrun danska danskenningar sambandsins.

Að sögn Hermanns Ragnars, danskenningar, var hann ánægður með úrslit keppinnar, þar sem íslenzkir dansmenn fá sjaldan tækifæri til að taka þátt í keppni erlendis og eru því óvanir. Kvæð hann slíkar keppnir auka áhuga nemenda á dansinum sem keppni isgrein.

Kosning Valgeirs lögmæt

SÍÐASTLIÐINN sunnudag 4. febrúar, fór fram prestskosning í Eyrbakkaprestakalli. Umsækjandi var einn, Valgeir Ástráðsson, cand. theol. Atkvæði voru talin í skrifstofu biskups í gær.

Á kjörskrá voru 749, en atkvæði greiddu 417. Umsækjandinn, Valgeir Ástráðsson hlaut 410 atkvæði, auðir seðlar voru 4 og ógildir 3. Kosningin var lögmæt.

Styrkir menningarsamskipti

Í TILKYNNINGU frá danska sendiráðinu í Reykjavík segir, að Dansk-íslenski sjóðurinn hafi úthlutað 43.300 dönskum krónum (rúml. 600 þús. ísl. kr.) til stuðnings menningarsamskiptum landanna tveggja og íslenskum námsmönnum í Danmörku.

— Milljóna-fjársjóður

Framhald af bls. 32

merkjaheimsins að verðleggja friðmerki sem þessi. Að mati friðmerkjafrimans kann að verða boðið yfir 100.000 DM í þetta umslag, jafnvel 200.000 DM (6,2 milljónir ísl. kr.) eða enn hærri.

Í blaði því í Vestur-Þýskalandi, sem greinir frá þessum friðmerkja fundi, segir, að umslagið hafi fundið með þeim hætti, að íslenzkur maður hafi verið að blaða í gamalli Biblíu og þá fundið þetta einstæða „bókamerki“, sem sýnilega hafi verið látið inn í hina helgu bók við gjaldmóðilskipti á Íslandi árið 1875 og varðveitt allan tímann síðan í bókinni. Að liðnum nær 100 árum hafi friðmerkinn svo að nýju komið fram í dagsljósið.

Skátar frá Eyjum

Á LAUGARDAG verður starfandi skátum frá Vestmannaeyjum boðið til kaffifundar í félagsheimili Neskirkju klukkan 3 síðdegis. Þar verður m. a. sýnd kvikmynd frá Landsmóti skáta á Þingvöllum. Ennfremur gefst skátunum tækifæri á að kynna möguleikum á áframhaldandi skátastarfi á Reykjavíkursvæðinu.

Að þessum fundi standa gamlir skátar frá Vestmannaeyjum, sem nefna sig Útlaga. Vestmannaeyjaskátar eru hvattir til að fjölmenna á morgun á fundinum.

— Rányrkja

Framhald af bls. 1

rikjanna, auk þingmanna frá Kaliforníu og Louisiana.

Þingmaðurinn sagði að nú væri svo komið að gegndarlaus rányrkja a-þýzkra, pólskra og sovétzka togara á auðugum fiskimiðum undan austurströndinni hefði nær útrýmt ýsu og síld á þeim stóðum og fleiri fisktegundir væru í hættu. „Ef við ekki gerum eitthvað þá leggjast fiskveiðar niður sem atvinnugrein í Bandaríkjunum. Rányrkjan hefur og gert það að verkum að hlutur Bandaríkja-anna af fiskafli heims er nú aðeins 5,3% og fer stöðugt minnkandi.“

— Hvaða möguleika teljið þið á því að koma þessu frumvarpi gegnum þingið?

— Þetta verður erfið baráttu og við vitum að stjórnmál og utanríkisráðuneytið koma til með að leggja gegn því, það hafa þau gert áður. Ég kom með þetta frumvarp í fyrra, en gat þá ekki vegna andstöðu komið því áfram, en nú er það opinbert og við ætlum að vinna að því af alíflí. Við erum nú að vinna að því að fá frumvarpið tekið fyrir hjá sjávarútvegsnefnd þingsins, til þess að hægt verði að halda opna fundi um málið, þar sem öll sjónarmið fá að koma fram. Við myndum þá fá fiskimenn og útgerðarmenn og aðra sem hagsmunu eiga að gæta til að koma fyrir nefndina og skýra mál sitt, en ég get í fullri hreinskilni sagt ykkur að þetta verður erfitt. Stjórnin er hrædd við að önnur lönd komi á eftir og hún hefur fram til þessa neitað að við-urkenna 200 mílna landhelgi Perú, Ekvador og annarra Suður-Ameríkukja og er því síður en svo fús til að taka sjálf frumkvæðið.

— Hver er fyrstu viðbrögð manna í Washington?

— Það er nú ekki vel að marka, við tilkynntum þetta formlega á fundi með fréttamönnum í dag, en það er mikil ánægja meðal allra aðila innan bandaríska fiskiðnaðarins.

— Hafið þið nokkra hugmynd um hvenær von er til að nefndin taki málið fyrir?

— Nei, ekki að svo komnu máli, en við munum reyna að hraða framvindu þess eftir beztu getu. Við vonumst til að fá góðan stuðning og undirtektir þingmanna og almenningu og hvers konar stuðningur frá Íslandi yrði mjög kærkominn.

— Vélar og tæki

Framhald af bls. 32

upp fyrir austan eystri varnargarðinn.

Krikinn, þar sem þessi hraunlæna spratt fram, er á þriðja hundrað metra niður af gígnum og komust við um miðja vegu þaðan upp að gígnum, en urðum þá frá að hverfa sökum misturs og gjallregns, en þá var óvenju-milkið öskugos. Það var nokkuð undarlegt að sjá gjallmolana falla hellaða til jarðar.

Frá hádegi hafa tvær jarðýtur umnið að því að ryðja svæðið fyrir austan þurrkúsið og hefur þar verið rutt upp varnargarði, sem liggur samsíða ströndinni um 100 metra frá hraunkantinum og upp í vestari varnargarðinn.

Greinilegt er nú að lokun hafnarinnar hefur mjög slegið á vonir manna um atvinnulíf í Vestmannaeyjum í bráð. Mikill þrýstingur hefur nú skapað til að fá fluttar vélar og tæki úr Eyjum. „Ég er nú kominn á þá skoðun, að það verði enginn fiskur unninn hér í vetur,“ sagði Björn Guðmundsson formaður Útvegsbændafélagsins í Vestmannaeyjum. „Það er ekki eftir neinu að bíða núna með að flytja tæki og vélar úr Vestmannaeyjum, en til þess þurfum við vilja á því að fá stórvirkar vinnu- og flutningavélar.“ Nokkrir Eyjaskípstjórar ætluðu í dag að sækja veiðarfæri hingað, en ekkert varð af því, þar sem höfnin er lokað. Flestir Eyjabáta hafa að visu náð sínu, en sumir hafa ekki komist vegna

þess að þeir voru vélarvana eða í slipp og aðrir hafa ekki tekið allt sitt. Voru Vestmannaeyjasjómenn mjög vantrúaðir á, eins og aðrir að höfnin myndi lokast svo skyndilega sem raun hefur orðið á.

Fréttamenn Morgunblaðsins gengu aftur upp með hrauninu síðdegis í dag og komust við þá að gígnum. Sáum við þá á einum stað, hvar nýtt hraun hafði brotizt upp úr því gamla og var að myndast þarna allvænn hraunpottur. Nokkrar sprengingar, gervígir, sáust í hrauninu norðarlega á mótis við Yztaklett og sprakk einn þar með engu minni mekki en þá var úr gosstöðvunum sjálfum. Enginn titringur var á gígarminum, þegar við vorum þar síðdegis í dag. Fórum við niður undir þar sem hraunið kemur út úr gígnum, er gígarmannir eru nú um 180 metrar á hæð.

Í kvöld gengum við enn upp að gígnum og virtist okkur sem það hraun, er við sáum, hefði litið breytst frá því síðdegis.

Björgunarveitir, sem aðallega eru varnarliðsmenn, hafa haldið áfram mokstri af þökum og einnig hafa búslóðaflutningar með flugvélum haldið áfram í dag. Sjálfboðastarfi er nú að mestu lokið og er verið að byggja upp launaðar viðhalds- og eftirlíðssveitir, sem m. a. munu líta eftir húsum og verja þau skemmdum. Skortur er nú á kunnugum mönnum til þessara starfa.

flokksins í formannssæti og næst kæmi röðin að fulltrúa SFV.

Þegar Ólafur Jóhannesson hafði gengið frá skipun Ragnars Arnalds, brá hins vegar svo við, að Einar Olgeirsson skipti um skoðun og lýsti sig nú reiðubúinn til þess að taka að sér formennsku í bankaráði Landsbankans. Samkvæmt þeim fregnum, sem Morgunblaðið hefur haft, hefur Ólafur Jóhannesson að sjálfsögðu tekið þessu með þegjandi þögninni, en átökin nú standa um það, hvor skuli verða varaformaður bankaráðsins, Kristinn Finnbogason eða Baldvin Jónsson.

— Átök um formennsku

Framhald af bls. 2.

Ístjórnarinnar fyrir nokkrum dögum, að hann mundi endurskipa Ragnar í embættið. Hafi þá enginn fundur verið haldinn í stjórn Framkvæmdastofnunar í heilan mánuð meðan baktjaldamakk ið stóð yfir. Þá var kallaður saman fundur í þingflokki SFV, gerð samþykkt, þar sem þessum vinnubrögðum var mótmælt og því lýst yfir, að SFV liti svo á, að framsóknarmenn hefðu afhent Alþýðubandalaginu ár Framsóknar-

— Magnús L. Sveinsson

Framh. af bls. 4

var stöðvuð, að meirihluti um sækjenda býr við algjört neyðarástand í húsnæðismálum, en aðeins 90 íbúðir voru auglýstar og hefðu því á fjórða hundrað fjölskyldur orðið án úthlutunar. Þetta segir sína sögu.

Astand stórs hluta þessa fólks er svo, að því trúir enginn, sem ekki þekkir af eigin raun. Fjöldi umsækjenda býr inni á heimilum hjá skyldfólki. Dæmi eru um, að leysa hefur orðið upp heilar fjölskyldur, sem búa jafnvel á þrem stöðum hjá skyldfólki sem skotið hefur skjólshúsi yfir þær. Þannig er neyð þess ara umsækjenda ekki aðeins bundin við þá sjálfa, heldur einnig það fólk, sem þengst hefur verulega að sér og tekið fjölskyldur inn á sín heimili til að forða því frá, að vera á götunni.

Nokkur hluti umsækjenda býr í heilsuspillandi húsnæði og er dæmi um að Heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar hefur hóttað allt að 2000 króna dagsektum, ef íbúð, sem umsækjandi býr nú í verði setin að nýju, eftir að núverandi íbúar flytjast brott, fyrr en íbúðin hefur verið bætt.

Hjá stórum hluta umsækjenda ríkir algjör óvissa um áframhaldandi leigu, þar sem mörgum hefur verið sagt upp og veruleg hækkun á húsaleigu hefur verið boðuð og hefur hjá mörgum nú þegar

komið til framkvæmda. Tekjur flestra umsækjenda eru það lágar, að þeim er um megn að greiða þá húsaleigu, sem krafist er og fer sífellt hækkandi.

Það er nauðsynlegt að skoða allt málið í ljósi framangreindra staðreynda þegar reynt er að finna lausn þess.

Vissulega hafa allir Reykvikarar sem og allir landsmenn mikla samúð með Vestmannaeyingum í þeim hörmungum sem yfir þá hafa dundið vegna eldgossins í Heimaey. Og auðvitað er það skylda allra landsmanna, að gera allt, sem á valdi hvers og eins er til að létta þeim þær byrðar sem eldgosið leiðir af sér, og hygg ég að enginn muni telja það eftir. En það er ekkert vandamál leyst með því, að taka íbúðir frá húsnæðislausum Reykvikingum, fólk sem aldrei hefur átt þak yfir höfuðið og er í algjörru neyð. Hætta er á, að slík ráðstöfun valdi óheppilegri og óverðskuldaðri tortryggni í garð Vestmannaeyinga.

Ég hygg, að Vestmannaeyingum sé engin þægð í að þeirra miklu vandamál séu þannig leyst á kostnað þeirra, sem erfiðar aðstæður hafa í húsnæðismálum, og minnstu möguleika til að tryggja sér húsnæði.

Það hlýtur því að vera skýlaus krafa þessa fólks til ríkisstjórnarinnar, að vandamál Vestmannaeyinga verði leyst með öðrum hætti en að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.



Iðjufélagar 67 ára og eldri

Stjórn Iðju býður öllum Iðjufélögum, 67 ára og eldri, ásamt mökum þeirra til kaffidrykkju að Hótel Sögu sunnudaginn 25. febrúar kl. 3 e.h. Þetta boð gildir einnig fyrir þá Iðjufélaga, sem hættir eru störfum og eru á lífeyri aldaraðra, og maka þeirra. Vinsamlegast vitjið aðgöngumiða á skrifstofu félagsins, Skólavörðustíg 16, í síðasta lagi á miðvikudag, 21. þ.m.

Stjórn Iðju.